

Hagnaður 1.299 millj. kr. á 2F 2026

Helstu niðurstöður 2. ársfjórðungs 2026

- Vörusala nam 46.347 millj. kr. sem er aukning um 6,4% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.522 millj. kr. sem er aukning um 4,7% milli ára.
- Framlegðarstig nam 24,9% og lækkar um 0,4 p.p. frá 2F 2025 en hækkar um 0,9 p.p. án áhrifa gengis, breytinga á heimsmarkaði eldsneytis og breytinga opinberra gjalda á eldsneyti um síðustu áramót.
- EBITDA nam 3.908 millj. kr. og lækkar um 0,8% milli ára.
- Hagnaður nam 1.299 millj. kr. og arðsemi eigin fjár 13,1%.
- Handbært fé frá rekstri nam 287 millj. kr. og lækkar um 4.918 millj.kr. milli ára, en einskiptisáhrif í rekstrartengdum eignum og skuldum skýra mismun milli ára.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 39.214 millj. kr. og hafa hækkað um 6.267 millj. kr. frá síðustu áramótum vegna aukinnar fjárbindingar í vörubirgðum og viðskiptakröfum tengt hækkuð eldsneytisverðs á heimsmarkaði.
- Eigið fé nam 46.789 millj. kr. og er eiginfjárlutfallið 40,2% í lok 2F 2026 samanborið við 41,2% í árslok 2025. Félagið greiddi arð á fjórðungnum til hluthafa að fjárhæð 2.151 millj. kr.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2026 er lækkuð um 500 millj. kr. vegna lægri framlegðar af eldsneytissölu en áætlanir gerðu ráð fyrir og nemur nú 16.000 – 16.500 millj. kr.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyt.	% Breyt.	6M 2026	6M 2025	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	46.347	43.579	2.768	6,4%	86.408	81.365	5.043	6,2%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	11.522	11.008	514	4,7%	21.269	20.220	1.049	5,2%
Aðrar rekstrartekjur	560	569	-9	-1,6%	1.124	1.118	6	0,5%
EBITDA	3.908	3.938	-30	-0,8%	6.473	6.427	46	0,7%
EBIT	2.420	2.470	-49	-2,0%	3.500	3.569	-69	-1,9%
EBT	1.582	1.736	-153	-8,8%	1.853	2.064	-211	-10,2%
Hagnaður tímabilsins	1.299	1.419	-120	-8,5%	1.517	1.699	-181	-10,7%
Efnahagsreikningur								
					30.6.2026	31.12.2025	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					17.457	14.179	3.278	23,1%
Viðskiptakröfur					6.166	5.435	731	13,4%
Handbært fé					1.313	5.929	-4.616	-77,8%
Vaxtaberandi skuldir					40.527	38.876	1.652	4,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir					39.214	32.947	6.267	19,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA					2,4	2,1	0,3	14,3%
Eiginfjárlutfall					40,2%	41,2%	-1,0 p.p.	-2,4%
Arðsemi eigin fjár					13,1%	13,9%	-0,8 p.p.	-5,4%
Sjóðstreymi								
	2F 2026	2F 2025	Breyt.	% Breyt.	6M 2026	6M 2025	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	287	5.205	-4.918	-94,5%	255	7.612	-7.357	-96,6%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.370	-1.766	396	-22,4%	-2.814	-2.530	-284	11,2%
Fjármögnunarhreyfingar	-1.839	-3.353	1.514	-45,2%	-2.076	-4.035	1.959	-48,5%
Handbært fé í lok tímabils	1.313	5.142	-3.829	-74,5%	1.313	5.142	-3.829	-74,5%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	24,9%	25,3%	-0,4 p.p.	-1,6%	24,6%	24,9%	-0,3 p.p.	-1,0%
Starfsmannakostnaður/framlegð	52,1%	50,7%	+1,4 p.p.	2,7%	55,0%	53,9%	+1,1 p.p.	2,1%
EBITDA/framlegð	33,9%	35,8%	-1,9 p.p.	-5,2%	30,4%	31,8%	-1,4 p.p.	-4,3%
Hagnaður/framlegð	11,3%	12,9%	-1,6 p.p.	-12,5%	7,1%	8,4%	-1,3 p.p.	-15,1%
Hagnaður á hlut	4,2	4,6	-0,4	-7,3%	4,9	5,5	-0,6	-9,5%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	2,5%	47,3%	-44,8 p.p.	-94,7%	1,2%	37,6%	-36,4 p.p.	-96,8%
Fjárfestingar	1.854	2.172	-319	-14,7%	3.221	3.073	148	4,8%

Rekstur 2. ársfjórðungs 2026

Rekstur samstæðunnar gekk ágætlega á fjórðungnum, þó að framlegð af eldsneyti hafi verið undir áætlunum. Góður gangur var í öðrum vöruflokkum þar sem sala og framlegð jukust milli ára. Afgreiðslufjöldi þvert á samstæðuna stóð nánast í stað milli ára en körfustærð stækkaði þar sem fjöldi seldra vara jókst um 3,7%. Fjöldi seldra eldsneytislítra drógst hins vegar saman um 4,3%, einkum vegna minni sölu til stórnotenda. Framlegðarstig nam 24,9% og hækkaði um 0,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en lækkaði um 0,4 p.p. frá sama fjórðungi síðasta árs. Framlegð í krónum jókst um 4,7% milli ára en rekstrarkostnaður hækkaði um 7,0%. EBITDA félagsins nam 3.908 millj. kr., sem er 0,8% lækkun milli ára. EBITDA ELKO lækkaði um 3 millj. kr. eða 0,7%, EBITDA Krónunnar jókst um 146 millj. kr. eða 9,7%, EBITDA Lyfju lækkaði um 51 millj. kr. eða 13,0% og EBITDA N1 lækkaði um 66 millj. kr. eða 3,9%. Hagnaður ársfjórðungsins nam 1.299 millj. kr. og lækkaði um 120 millj. kr. milli ára.

Tekjur 2. ársfjórðungs 2026

- Heildartekjur námu 46.907 millj. kr. sem er aukning um 6,2% milli ára en 1,0% án áhrifa breytinga á gengi, heimsmarkaðsverði eldsneytis og breytinga opinberra gjalda á eldsneyti um síðustu áramót.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 46.347 millj. kr. sem er aukning um 6,4% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 23.436 millj. kr. sem er aukning um 6,5% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 11.075 millj. kr. sem er aukning um 9,0% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.947 millj. kr. sem er aukning um 1,2% milli ára.
- Tekjur af lyfseðilsskyldum- og lausasölulyfjum námu 3.905 millj. kr. sem er aukning um 8,9% milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.983 millj. kr. sem er aukning um 1,8% milli ára.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyt.	% Breyt.	6M 2026	6M 2025	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	23.436	22.015	1.421	6,5%	45.221	41.644	3.577	8,6%
Eldsneyti og rafmagn	11.075	10.157	918	9,0%	18.704	18.346	359	2,0%
Raftæki	4.947	4.889	58	1,2%	9.559	9.198	362	3,9%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	3.905	3.587	318	8,9%	7.789	7.060	729	10,3%
Aðrar vörur og þjónusta	2.983	2.931	52	1,8%	5.134	5.117	17	0,3%
Samtals vöru- og þjónustusala	46.347	43.579	2.768	6,4%	86.408	81.365	5.043	6,2%
Aðrar rekstrartekjur	560	569	-9	-1,6%	1.124	1.118	6	0,5%
Tekjur samtals	46.907	44.148	2.759	6,2%	87.532	82.483	5.048	6,1%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 6,5% milli ára þrátt fyrir að stærsta verslun Krónunnar, í Lindum var lokuð í 9 vikur vegna endurbóta á fjórðungnum. Tekjur af eldsneyti og rafmagni jókst um 9% milli ára þrátt fyrir að selt magn eldsneytis hafi minnkað um 4,3% milli ára. Mikil hækkun eldsneytisverðs á heimsmarkaði, eða um 50–85% milli ára (eftir tegundum), ásamt breytingu olfugjalda á eldsneyti frá síðustu áramótum skýrir þá hækkun að mestu. Tekjur af raftækjasölu jukust um 1,2% milli ára og tekjur af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum jukust um 8,9% milli ára. Þá jukust tekjur af annarri vöru og þjónustusölu um 1,8% milli ára.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 2. ársfjórðungi 2026

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.522 millj. kr. sem er 4,7% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 24,9% og hækkar um 0,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en lækkar um 0,4 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 5.607 millj. kr. sem er aukning um 7,8% milli ára. Framlegðarstig nam 23,9% sem er hækkun um 0,5 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og hækkun um 0,3 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 2.217 millj. kr. sem er lækkun um 2,6% milli ára. Framlegðarstig nam 20,0% sem er lækkun um 1,5 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og lækkun um 2,4 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.386 millj. kr. sem er hækkun um 8,2% milli ára. Framlegðarstig nam 28,0% sem er hækkun um 0,3 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og hækkun um 1,8 p.p. milli ára.
- Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 977 millj. kr. sem er aukning um 2,3% milli ára. Framlegðarstig nam 25,0% sem er hækkun um 0,4 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en lækkun um 1,6 p.p. milli ára.
- Framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu nam 1.335 millj. kr. sem er aukning um 3,2% milli ára. Framlegðarstig nam 44,8% sem er hækkun um 0,7 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyt.	% Breyt.	6M 2026	6M 2025	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	5.607	5.201	406	7,8%	10.715	9.782	932	9,5%
Eldsneyti og rafmagn	2.217	2.277	-60	-2,6%	3.854	4.107	-253	-6,2%
Raftæki	1.386	1.282	105	8,2%	2.664	2.390	274	11,5%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	977	955	22	2,3%	1.933	1.887	46	2,4%
Aðrar vörur og þjónusta	1.335	1.294	42	3,2%	2.104	2.053	51	2,5%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	11.522	11.008	514	4,7%	21.269	20.220	1.049	5,2%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.522 millj. kr. samanborið við 11.008 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2025 sem er 4,7% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 5.607 millj. kr. sem er 7,8% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 2.217 millj. kr. sem er 2,6% lækkun milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.386 millj. kr. sem er 8,2% hækkun milli ára. Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 977 millj. kr. sem er 2,3% hækkun milli ára. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 1.335 millj. kr. sem er 3,2% hækkun milli ára.

Rekstrarkostnaður 2. ársfjórðungs 2026

- Rekstrarkostnaður á 2F 2026 nam 8.175 millj. kr. og hækkar um 7,0% milli ára.
- Laun- og starfsmannakostnaður hækkar um 417 millj. kr. eða 7,5% milli ára.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.754 á fjórðungnum sem er fjölgun um 3,5% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 118 millj. kr. eða um 5,7% milli ára.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyt.	% Breyt.	6M 2026	6M 2025	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	6.002	5.585	417	7,5%	11.690	10.890	801	7,4%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	651	604	47	7,7%	1.279	1.196	84	7,0%
Viðhaldskostnaður	329	291	37	12,9%	610	588	22	3,8%
Sölu- og markaðskostnaður	524	542	-18	-3,4%	1.011	987	24	2,4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	158	128	30	23,1%	304	282	22	7,8%
Samskiptakostnaður	357	344	12	3,6%	702	681	21	3,1%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	51	41	10	24,8%	95	73	22	30,2%
Annar kostnaður	104	104	0	-0,1%	229	215	13	6,2%
Samtals annar rekstrarkostnaður	2.173	2.055	118	5,7%	4.230	4.022	208	5,2%
Samtals rekstrarkostnaður	8.175	7.640	535	7,0%	15.920	14.911	1.009	6,8%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 2F 2026 nam 6.002 millj. kr. samanborið við 5.585 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 7,5% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.754 á fjórðungnum sem er fjölgun um 60 eða 3,5% milli ára. Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 3,7% milli ára en í heildina þá hækka laun og starfsmannakostnaður um 3,2% ef ekki er tekið tillit til áhrifa af breytingum í stöðugildum. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og starfsmannakostnaður samtals 2F 2025	5.585
Stöðugildi - breyting	192
Samningsbundnar launahækkunar	191
Annar kostnaður	33
Laun og launatengd gjöld 2F 2026	6.002

Annar rekstrarkostnaður nam 2.173 millj. kr. samanborið við 2.055 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 118 millj. kr. eða 5,7%. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gætur á alla kostnaðarliði. Heilt yfir má segja að ágætur árangur hafi náðst í aðhaldi alls rekstrarkostnaðar á 2F 2026 en kostnaðurinn jókst samtals um 7,0%, í takt við verðbólgu og veltuaukningu.

Fjármagnsliðir 2. ársfjórðungs 2026

- Nettó fjármagnskostnaður var neikvæður um 927 millj. kr. samanborið við 921 millj. kr. neikvæð áhrif frá árinu áður. Kostnaðurinn hækkar því um 6 millj. kr. milli ára.
- Vaxtatekjur námu 59 millj. kr. og lækka um 28 millj. kr. milli ára.
- Vaxtagjöld námu 904 millj. kr. og lækka um 110 millj. kr. milli ára.
- Áhrif gengismunar og óvirkra varna afleiðusamninga voru samtals neikvæð um 82 millj. kr. og hækka um 88 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyt.	% Breyt.	6M 2026	6M 2025	Breyt.	% Breyt.
Vaxtatekjur	59	87	-28	-32,1%	178	209	-31	-14,9%
Vaxtagjöld	-904	-1.014	110	-10,9%	-1.909	-1.974	66	-3,3%
Gengismunur	3	7	-3	-47,8%	4	-12	16	128,4%
Óvirkar varnir afleiðusamninga	-85	0	-85	-	-85	0	0	-
Samtals nettó fjármagnsliðir	-927	-921	-6	0,6%	-1.813	-1.778	-35	1,9%

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 2F 2026

- Heildareignir námu 116,3 ma. kr. í lok árs 2F 2026 og hafa aukist um 0,6 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Fastafjármunir námu 89,9 ma. kr. og hafa hækkað um 0,8 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Veltufjármunir námu 26,5 ma. kr. og hafa lækkað um 0,2 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Handbært fé nam 1,3 ma. kr. í lok 2F 2026 sem er lækkun um 4,6 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 39,2 ma. kr. og hafa hækkað um 6,3 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 40,2% í lok 2F 2026 samanborið við 41,2% í árslok 2025.

Milljónir króna	30.6.2026	31.12.2025	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	18.367	18.367	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	7.444	7.659	-215	-2,8%
Rekstrarfjármunir	44.385	43.655	730	1,7%
Leigueignir	10.459	10.510	-50	-0,5%
Fjárfestingarfasteignir	7.262	6.731	531	7,9%
Birgðir	17.457	14.179	3.278	23,1%
Viðskiptakröfur	6.166	5.435	731	13,4%
Handbært fé	1.313	5.929	-4.616	-77,8%
Vaxtaberandi skuldir	40.527	38.876	1.652	4,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir	39.214	32.947	6.267	19,0%
Eignfjárhlutfall	40,2%	41,2%	-1,0 p.p.	-2,4%
Veltuhraði vörubirgða	8,0	8,7	-0,7	-8,0%

Viðskiptavild nemur 18.367 millj. kr. sem er um 15,8% af heildareignum. Aðrar óefnislegar eignir námu 7.444 millj. kr., og lækka um 215 millj. kr. frá áramótum. Rekstrarfjármunir nema 44.385 millj. kr. og hækka um 730 millj. kr. frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 7.262 millj. kr. og hækka um 531 millj. kr. frá áramótum. Viðskiptakröfur hækka um 731 millj. kr. og handbært fé lækkar um 4.615 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 39.214 millj. kr. sem er hækkun um 6.267 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárhlutfall félagsins var 40,2% í lok 2F 2026 samanborið við 41,2% í lok árs 2025. Félagið hefur aðgang að lánalínum fyrir um 4,0 ma. kr. og er lausafjárstaða félagsins ágæt og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2026

- Handbært fé frá rekstri nam 287 millj. kr. sem er lækkun um 4.918 millj. kr. frá árinu áður. Einskíptisáhrif í rekstartengdum eignum og skuldum skýra mismun milli ára.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.370 millj. kr. sem er lækkun um 396 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 1.839 millj. kr. sem er lækkun um 1.514 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	2F 2026	2F 2025	Breyt.	% Breyt.	6M 2026	6M 2025	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	4.220	5.029	-808	-16,1%	5.929	4.075	1.854	45,5%
Handbært fé frá rekstri	287	5.205	-4.918	-94,5%	255	7.612	-7.357	-96,6%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.370	-1.766	396	-22,4%	-2.814	-2.530	-284	11,2%
Fjármögnunarhreyfingar	-1.839	-3.353	1.514	-45,2%	-2.076	-4.035	1.959	-48,5%
Gengismunur af handbæru fé	15	27	-12	-45,0%	20	20	0	0,5%
Breyting á handbæru fé	-2.907	114	-3.020	-	-4.616	1.067	-5.682	-
Handbært fé í lok tímabils	1.328	5.169	-3.841	-74,3%	1.333	5.162	-3.829	-74,2%

Handbært fé frá rekstri á öðrum ársfjórðungi 2026 nam 287 millj. kr. sem er lækkun um 4.918 millj. kr. milli ára. Aukin fjárbinding í birgðum og viðskiptakröfum vegna mikillar hækkunar eldsneytisverðs á fyrri helmingi ársins skýra að mestu muninn milli ára og mun ganga til baka þegar eldsneytisverð lækkar aftur.

Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.370 millj. kr. og eru 396 millj. kr. lægri en árið áður. Fjárfestingar námu 1.854 millj. kr. sem er lækkun um 319 millj. kr. milli ára. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 1.839 millj. kr. sem er lækkun um 1.514 millj. kr. milli ára. Afborganir af vaxtaberandi lánum námu 556 millj. kr., af leiguskuldum 394 millj. kr og greiddur arður til hluthafa nam 2.151 millj. kr. Handbært fé lækkaði um 2.906 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2026 og nam handbært fé í lok tímabilsins 1.313 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2026

- Áframhaldandi spenna í Mið-Austurlöndum hefur skapað verulega óvissu í alþjóðamálum.
- Verð á eldsneytismörkuðum hafa hækkað mikið vegna áhyggja af truflunum í aðfangakeðjum.
- Uppfærðar horfur gera ráð fyrir að framlegð af eldsneyti verði lægri á seinni helmingi ársins en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Verðbólga á Íslandi hefur aukist og haldist hún við núverandi stig út árið mun hún hafa töluverð áhrif á allan kostnað.
- Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda ferðamanna milli ára og búist er við að allir starfsþættir bæti afkomu sína nema N1, sem verður fyrir mestum áhrifum af umrötnu á alþjóðamörkuðum.
- Áfram verður mikil áhersla lögð á aukna hagræðingu og skilvirkni í allri virðis_keðju samstæðunnar.
- Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið til að takast á við frekari vöxt og eru mörg tækifæri til að efla afkomu félagsins enn frekar.

EBITDA spá félagsins fyrir 2026 er lækkuð um 500 millj. kr. og nemur 16.000 – 16.500 millj. kr.

CAPEX spá félagsins fyrir árið 2026 er óbreytt og nemur 7.500 – 8.000 millj. kr.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 2F 2026 nam 96,1 milljörðum króna og lækkar um 4,1% frá ársbyrjun 2026.
- Hluthafar félagsins voru 2.073 í lok 2F 2026 og fjölga um 344 frá ársbyrjun 2026.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, miðvikudaginn 29. júlí 2026

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður miðvikudaginn 29. júlí 2026 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-2f-2026>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplysingar>

Fjárhagsdagatal

- 3F 2026: 28 október 2026
- 4F 2026: 3. febrúar 2027
- Aðalfundur 2027: 4. mars 2027

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (mki@festi.is).